

## Afgreiðslufundur

Ár 2024 þriðjudaginn 14. maí, kl. 9:00 var haldinn 1772. afgreiðslufundur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Fundinn sátu Óskar Ísfeld Sigurðsson, Guðjón Ingi Eggertsson, Sigríður J. Jónsdóttir og Tómas G. Gíslason sem einnig ritaði fundargerð.

- Lögð fram umsókn Apóteks NOR ehf., kt. 520124-1280, dags. 25. mars 2024, um starfsleyfi fyrir sölu á forpökkuðum matvælum í apóteki (Apótek NOR) að Norðlingabraut 2, F2350237, rými 01 0103. Ný starfsemi.  
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi.
- Lögð fram umsókn Mækæ ehf., kt. 640818-0340, dags. 23. mars 2024, um starfsleyfi fyrir veitingastað; skyndibitastað/veitingaverslun með boostskálar og kaffi (Maika'i) að Skólavörðustíg 2, F2004491, rými 03 0101. Ný starfsemi.  
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára. Ekki er gert ráð fyrir neyslu veitinga á staðnum þar sem ekki er snyrting fyrir gesti.
- Lögð fram umsókn Hraða fatahreinsunar ehf., kt. 520324-1270, dags. 24. apríl 2024 um skráningu á efnalaug (Hraði fatahreinsun) að Ægisíðu 115, F2026755, rými 02 0101. Eigendaskipti.  
Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. *reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur*.
- Lögð fram umsókn Sorpu bs., kt. 510588-1189, dags. 7. maí 2024, um skráningu á flutningi úrgangs innanlands (Sorpa), að Gufunesvegi 10. Færanleg starfsemi. Ný starfsemi.  
Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. *reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og Starfsskilyrði fyrir flutning á úrgangi annars en flutning úrgangs á milli landa og flutningur spilliefna*.
- Lögð fram umsókn Fish World ehf., kt. 710122-0910, dags. 22. apríl 2024, um starfsleyfi fyrir gæludýraverslun með smáfiska (Fish World) að Hallgerðargötu 23, F2507542, rými 01 0103D. Ný starfsemi.  
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir starfsemi með gæludýr*.
- Lögð fram umsókn Háskóla Íslands, kt. 600169-2039, dags. 27. júní 2023 um starfsleyfi fyrir kennslustað á annarri og þriðju hæð ásamt stoðrymum (Edda) að Arngrímsgötu 5, F2327912. Ný starfsemi.  
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir framhaldsskóla og háskóla*.

7. Lögð fram umsókn AD Beauty ehf., kt. 570423-1770, dags. 16. nóvember 2023, um starfsleyfi fyrir snyrtistofu (Rose Beauty & Spa) að Laugavegi 76, F2005409, rými 01 0101. Ný starfsemi.  
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Samræmdum starfsleyfiskilyrðum fyrir snyrtistofur og skylda starfsemi*.
8. Lögð fram umsókn Arven ehf., kt. 410621-1340, dags. 16. febrúar 2024, um starfsleyfi fyrir snyrtistofu (Elira Beauty) að Hallgerðargötu 19, F2507542, rými 01 0102B. Ný starfsemi.  
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Samræmdum starfsleyfiskilyrðum fyrir snyrtistofur og skylda starfsemi*.
9. Lögð fram umsókn Carbfix hf., kt. 531022-0840, dags. 27. nóvember 2023, að loknu auglýsingaferli, um starfsleyfi fyrir rannsóknastofu, geymslu gass og annarra hættulegra efna sbr. lið 38 í viðauka IV í lögum nr. 7/1998, að Höfðabakka 9D, F2043253, rými 04 0001. Ný starfsemi.  
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi*.
10. Lögð fram að nýju umsókn Faxaflóahafna sf., kt. 530269-7529, dags. 30. nóvember 2023, að loknu auglýsingaferli, um starfsleyfi fyrir móttöku á úrgangi til endurvinnslu, þ.e. móttaka á hreinu og ómengdu jarðefni á landfyllingu við Klettagarða, norðvestan við Klettagarða 14. Ný starfsemi. Afgreiðslu umsóknar var frestað á 1761. afgreiðslufundi 5. mars 2024.  
Samþykkt að veita starfsleyfi til 30. desember 2030 með *Almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi og Starfsleyfisskilyrðum fyrir Faxaflóahafnir sf. vegna móttöku á úrgangi til endurnýtingar*.

### **Fundi slitið 09:51**

Tómas Guðberg Gíslason

Óskar Ísfeld Sigurðsson

Guðjón Ingi Eggertsson